

Fundur stjórnar UMSK

Haldinn í Íþróttamiðstöðinni Laugardal miðvikudaginn 17. desember kl. 12:00

Mættir: Valdimar Leo Friðriksson, Guðmundur Sigurbergsson, Magnús Gíslason, Halla Garðarsdóttir, Geirarður Long og Valdimar Gunnarsson.

Forföll boðuðu: Larus B. Larusson, Hanna Carla Jóhannsdóttir, Þorsteinn Þorbergsson

Fundarritari: Valdimar Gunnarsson

Dagskrá:

1. Fundur settur – Valdimar Leo formaður setti fundinn
2. Fundargerð frá 2. okt – lögð fram og samþykkt
3. Bréf sem hafa borist
 - Umsókn um inngöngu – Dansfélagið BEST - Ákvörðun frestað vegna ágalla á lögum og nafni. Heyra í ÍSÍ með nafnið.
4. Íþróttaveisla 2020 – staðan á verkefninu. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna við undirbúning á íþróttaveislunni.
 - Verkefnastjóri ráðinn frá og með 1. Jan
 - Fjármál - Styrkjamálin eru þung en viðræður hafa verið við 8 fyrirtæki um að styrkja verkefnið.
5. Frá framkvæmdastjóra
 - Dagsetja þingið – Næst haldið í Laugardal í marsmánuði. Framkvæmdastjóra falið að finna dagsetningu og panta húsnæði.
 - Eldri borgara verkefnið í Kópavogi – staðan- Verkefnið hefur fengið fjármagn og verið er að leita að starfsmanni til að stjórna og stýra því.
 - Heimsókn til félaga – framkvæmdastjóri hefur verið að heimsækja stjórnir stærstu félaganna og verður svo haldið áfram eftir áramót með þessar heimsóknir.

-

- Afrekssjóður úthlutun – Úthlutað var úr sjóðnum í vikunni og fengu 126 íþróttamenn styrk og tveir þjálfarar. Alls hafa 259 íþróttafenn hlotið styrk úr sjóðnum árið 2019
- Fjármál – fjármál sambandsin eru í góðum málum og munar þar mest um hve Lottóið hefur verið gott á árinu.
- Kerran og tæki og tól – Framkvæmdastjór sagði frá að búið sé að kaupa kerru og nokkurn búnað í hana. Kerra verður einhverskonar leikja kerra með grillum og leikjum sem hugsuð er til að hvetja félögin og deildir til að fjölga félagslegum viðburðum.

6. Önnur mál

Jólagjöf framkvæmdastjóra, framkvæmdastjóri vék af fundi undir þessum lið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 13:05

